



228. fundur Skólanefndar FS *18. ágúst 1998*

Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Jón Ingi Baldvinsson, Stefanía Ólafsdóttir, Ingimundur Þ. Guðnason, Guðbjörg Ingimundardóttir, áheyrnarfulltrúarnir Þorvaldur Örn Árnason og Jóhann Friðrik Friðriksson, Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari og Jón Sæmundsson fjármálastjóri.

Formaður setti fund og bauð nýjan fulltrúa nemenda velkominn á fundinn. Síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Kennararáðningar.
2. Upphaf haustannar.
3. Önnur mál.

1. Kennararáðningar.

Skólameistari sagði frá stöðu mála varðandi kennararáðningar og fjölda nýnema (sjá fylgiskjal).

2. Upphaf haustannar.

Skólameistari sagði frá upphafi haustannar og dagskrá undirbúningsdaga. Kennsla hefst þriðjudaginn 25. ágúst.

3. Önnur mál.

- a) Fjármálastjóri kynnti rekstrar- og efnahagsreikning Skólasjóðs fyrir árið 1997. Skólanefnd samþykkir reikninginn samhljóða.
- b) Formaður og skólameistari sögðu frá undirbúningi vegna nýbyggingar.
- c) Fyrirhugað er að leigja kjallara Aðventista-heimilis vegna kennslu á netagerðarbraut á vorönn.
- d) Skólameistari minnti nefndarmenn á vefsíðu skólans; <http://www.fss.is>.
- e) Í vetur verða nemendur að fá sérstakt aðgangsorð að tölvukerfi skólans. Þetta er gert til að stýra og fylgjast með notkun tölvubúnaðarins.

- f) Fulltrúi nemenda sagði frá heimasíðu nemendafélagsins sem er í undirbúningi.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Guðmann Kristþórsson

Guðmann Kristþórsson,
fundarritari

Fjölbrautaskóli Suðurnesja – haustönn 1998.

Nemendur alls: 745

Vogar	2
Keflavík	91
Hafnir	1
Njarðvík	38
Reykjanesbæ	130
Grindavík	33
Sandgerði	18
Garði	26
Aðrir-ekki heimilisf.	9

Nýnemar alls: 224 (árgangur '82)

Nýir kennarar:

Borghór Arngrímsson (tjáning/sam) kemur úr leyfi
Ívar Valbergsson (vélstjórn)
Gunnlaugur Jónsson (danska)
Guðrún Ragnarsdóttir (efnafræði/líffræði)
Sesselja G. Magnúsdóttir (saga – stundakennsla)
Steinunn Tómasdóttir (viðskiptagreinar)
Lárus Pálmason (grunnteikning/netagerð/sjávarútvg.)

Kennarar í leyfi:

Magnús P Karlsson (vélstjórn)
Hallveig Thordarson (stærðfræði)
Auður Olafsdóttir (danska)
Þá fara Guðlaug Pálsdóttir og Katrín Sigurðardóttir í barnburðarleyfi sept-
mars og Sigríður Bíldal fær árs leyfi frá námsráðgjöf.

Kennarar sem hætta:

Magni Hjálmarsson (sérdeild)
Ingibjörg Sigtryggisdóttir (fornám/íslenska)

Aðrar breytingar:

Starfsmaður á skrifstofu:
Laufey Kristjánsdóttir
Guðbjörg Aðalbergisdóttir – áfangastjóri.
Þorvaldur Sigurðsson og Anna Lea Björnsdóttir - sviðsstjórar

**Rekstrar- og
efnahagsreikningur
Skólasjóðs FS
1997**

Rekstrarreikningur árið 1997

Tekjur:

Skólasjóðsgjöld nemenda	Kr.	656.875.00
Vextir af bankareikningum	"	447.404.73
Ýmsar tekjur	"	494.447.00
Samtals kr.		1.598.726.73

Gjöld:

Laun	Kr.	482.639.00	
Launatengd gjöld	"	88.709.00	
Aðkeypt þjónusta	"	205.759.00	
Aðkeypt prentun	"	311.748.00	
Akstur	"	379.620.00	
Styrkir til nemendafélags FS	"	671.200.00	
Námskeiðakostnaður	"	257.290.00	
Risna	"	118.806.00	
Annar kostnaður	"	33.342.40	
Vélahermir v/vélstjórnarbrautar	"	3.270.108.10	
Fjárm.l. skattar o.fl.	"	44.739.00	
Tap flutt á höfuðstól			Kr. 4.265.233.77
Samtals kr.		5.863.960.50	Kr. 5.863.960.50

Efnahagsreikningur árið 1997

Bankareikningar:

Sparisjóður Keflavíkur ávrkn. 6611	Kr. 1.144.617.67
Sparisjóður Keflavíkur öryggisbók 500520	<u>" 9.239.661.04</u>
	Kr. 10.384.278.71

Skuldir:

Viðskiptaskuldir	Kr. 1.594.287.00
------------------------	------------------

Eigið fé:

Stofnfé	Kr. 427.000.00
Skólasjóður	<u>Kr. 8.362.991.71</u>
	Kr. 10.384.278.71


ÁRITUN STJÓRNAR OG FJÁRMÁLASTJÓRA F.S.

Skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja, formaður og varaformaður skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja sem skipa stjórn Skólasjóðs Fjölbrautaskóla Suðurnesja og fjármálastjóri Fjölbrautaskóla Suðurnesja, vörsluaðili sjóðsins, allir tilnefndir skv. skipulagsskrá sjóðsins dags. 18. mars 1993 staðfesta hér með ársreikning Skólasjóðs Fjölbrautaskóla Suðurnesja árið 1997 með undirritun sinni.

Keflavík, 19. júní 1998


formaður skólanefndar

varaform. skólanefndar


skólameistari


fjármálastjóri

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar Skólasjóðs Fjölbrautaskóla Suðurnesja


Við höfum endurskoðað ársreikning Skólasjóðs Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrir árið 1997. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og efnahagsreikning og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum með úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 1997 og efnahag þess 31. desember 1997 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Keflavík, 19. júní 1998

Endurskoðun Deloitte & Touche hf.
löggiltir endurskoðendur


Guðmundur Kjartansson